

ÆFING: ÖFUGT HUGARFLUG UM SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA

ÆFINGIN FJALLAR UM:

Að ígrunda hvernig við getum eftt eða bætt munnleg og skrifleg samskipti okkar við foreldra.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Byrjið á því að svara spurningunni í vinstri dálki, skrifið svör ykkar jafn óðum - notið u.þ.b. 10. mín.

Snúið svo svarinu ykkar á hvolf og svarið spurningunni í hægri dálki – notið u.þ.b. 10 mín. Hægt er að finna hugmyndir í kassanum hér á eftir

HVERNIG ER HÆGT AÐ TRYGGJA AÐ VIÐ NÁUM EKKI GÓÐRI SAMRÆÐU OG SAMSKIPTUM VIÐ FORELDRA?	HVERNIG GETUM VIÐ TRYGGT GÓÐAR SAMRÆÐUR OG SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA?
<p>Skrifleg samskipti (upplýsingatafla, miðar, bréf o.s.frv.)</p> <p><i>Dæmi: Ef við skrifum löng bréf með mörgum flóknum orðum sem við sendum heim til foreldranna með tölvupósti</i></p>	<p><i>Dæmi: Við skrifum einungis mjög stutt og skýr skilaboð og við afhendum foreldrum þau persónulega</i></p>
<p>Munnleg samskipti (skila, sækja, samtöl, fundir o.s.frv.)</p> <p><i>Dæmi: Ef við tölum mjög fræðilega og notum langar setningar.</i></p>	<p><i>Dæmi: Spyrjið af áhuga (forvitni), sýnið að þið virðið foreldra t.d. með því að segja „ Hvernig er best fyrir ykkur að....</i></p>

2. Verkefni - Samræður og samskipti við foreldra

HVERNIG ER HÆGT AÐ TRYGGJA AÐ FÁUM EKKI GÓÐAR SAMRÆÐUR OG SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA?	HVERNIG GETUM VIÐ TRYGGT AÐ VIÐ FÁUM GÓÐAR SAMRÆÐUR OG SAMSKIPTI VIÐ FORELDRA?
Skrifleg samskipti (upplýsingatafla, miðar, bréf o.s.frv.)	
Munnleg samskipti (skila, sækja, samtöl, fundir o.s.frv.)	

TILLÖGUR: FYRIR SAMSKIPTI VIÐ TVÍTYNGDA FORELDRA

1. Fjarlægið skrifleg skilaboð sem eru á upplýsingatöflunni og látið aðeins mikilvægustu skilaboðin vera þar. Notið þess í stað plássið til að sýna myndir úr daglegu starfi.
2. Hlæjið saman – segið frá og sýnið myndir af skemmtilegum atvikum sem þú hefur tekið þátt í með barninu. Þetta veitir öryggi og opnar fyrir samræðuna.
3. Talið hlutbundið frekar en óhlutbundið. Notið mörg dæmi, sýnið hluti og rými og notið myndir, teikningar o.s.frv. um það sem þú ert að tala um.
4. Sýnið foreldrum hvernig barnið bjargar sér sjálft t.d. þegar það klifrar uppá stól eða klæðir sig sjálft í galla. Spyrjið foreldrana um reynslu þeirra af virkni barnsins á heimilinu.
5. Gefið foreldrunum hlutdeild í samtalinu, svo þeir upplifi sig ekki lítills virði. Segið ekki: Hér á Íslandi gerum við ...
6. Verið þolinmóð, gefið foreldrum tíma til að svara og orðið spurninguna e.t.v. á annan hátt ef foreldrarnir skilja hana ekki.
7. Sýndu að þú heyrir, viðurkennir og virðir afstöðu og viðhorf foreldranna t.d. með því að spyrja nánar, biðja foreldana sjálfa um að koma með tillögur að lausnum og með því að vera alúðleg/ur og lausnarmiðuð/aður.
8. Notið túlk þegar þörf er á.